

Nr. 56.  
30.  
júli.

## Lög

um

undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum  
6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

Heimilt er landsstjórninni, þá er sjerstakar ástæður mæla með, að veita skipum,  
er skrásett eru sem eign hjer á landi, undanþágu um eitt ár í senn — frá annari máls-  
grein í lögum nr. 18. frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn  
botnvörpuveiðum. Skyld skulu skip þessi að sýna sjerstakt og glögt merki samkvæmt  
nánari fyrirmælum landsstjórnarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

## Lov

om

Nr. 56.  
30.  
Juli.

Dispensation fra Lov Nr. 18. af 8. Juli 1902 om Forandring af Lov  
6. April 1898 om Forbud mod Fiskeri med Bundslæbevaad.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Regeringen er bemyndiget til, naar særlig Omstændigheder tale derfor, at give de som indenlandsk Ejendom indregistrerede Skibe, Dispensation for et Aar ad Gangen fra Lov Nr. 18 af 8. Juli 1902, 2det Stykke, om Forandring af Lov 6. April 1898 om Forbud mod Fiskeri med Bundslæbevaad. Disse Skibe ere pligtige til at vise et særskilt og tydeligt Signal i Overensstemmelse med Regeringens nærmere Bestemmelser.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

***Björn Jonsson.***

***Jon Krabbe,***  
kst.